



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði, um merkingar á göngugötum vegna P-merktra bíla - R190070069 (US210054).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. mars sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði:

Í bréfi við fyrirspurnum ÖBI við merkingum á göngugötum í Reykjavík vantar upplýsingar um hvenær áætlað er að viðeigandi merkingar verði settar upp við göngugötur:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr: hvenær er áætlað að sérstakt merki sem tilgreinir að P merktum bílum er heimilt að aka göngugötur verði tilbúið og það komið upp við göngugötur í Reykjavík?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Svar við fyrirspurn:

Í svari skrifstofunnar, dags. 21. desember sl., við erindi Öryrkjabandalags Íslands vegna bílastæða hreyfihamlaðra og merkinga við göngugötur, kemur fram að núverandi útfærsla umferðarmerkja við göngugötur sé sú útfærsla sem þykir áréttu með skýrustum hætti að um sé að ræða göngugötur, þar til nýtt merki verður tekið upp í reglugerð um umferðarmerki. Hvað það varðar upplýsist að starfshópur á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vinnur nú að uppfærslu umræddrar reglugerðar.

Í kjölfar bréfsins funduðu starfsmenn skrifstofunnar með fulltrúum bandalagsins þann 20. janúar sl. Á fundinum var ítrekuð sú afstaða borgarinnar að lágmarka bæri umferðarmerkingar og að ekki væri nauðsynlegt að setja upp umferðarmerki um lögákveðna undanþágu frá akstursbanni. Aftur á móti var viðruð sú hugmynd að betur yrði staðið að kynningu að því hverjir megi keyra um göngugötur og þá eftir atvikum með upplýsingamerki sem beint væri til gangandi vegfarenda.



Á Alþingi er nú til meðferðar frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra um breytingu á umferðarlögum, 280. þingmál 151. löggjafarþings, sem felur í sér nokkra breytingu á reglum um umferð á göngugötum. Meðal annars af því tilefni, er að störfum starfshópur á vegum umhverfis- og skipulagssviðs sem vinnur nú að gerð draga að samþykkt fyrir göngugötur í Reykjavík. Gera má ráð fyrir að tillögur starfshópsins liggi fyrir í apríl en alls óvíst er um hvort eða hvenær breytingar á umferðarlögum verða samþykktar á Alþingi.

Þar sem að ekki mun liggja endanlega fyrir hvaða umferð verður heimil á göngugötum fyrr en afdrif frumvarps um breytingu á umferðarlögum verða ljós og ný samþykkt um göngugötur í Reykjavík tekur gildi, er að mati skrifstofunnar ekki ástæða til að hefja sérstakt fræðsluáttak eða bæta við upplýsingaskiltum fyrir gangandi vegfarendur að svo stöddu. Þá er ekki fyrirhugað að breyta umferðarmerkjum á göngugötum fyrr en breytingar á reglugerð um umferðarmerki liggja fyrir.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri